

### **Klínískt rannsóknarsetur**

Á minnismóttöku Landakots er verið að undirbúa stofnun klínísku rannsóknarseturs og verður hér gerð nánari grein fyrir því hvað það er og hvert verður hlutverk þess. Formleg útfærsla verður ákveðin síðar.

Klínískt rannsóknarsetur er staður þar sem rannsóknir með þátttöku einstaklinga fara fram, hvort sem er sjúklinga eða heilbrigða. Setrið verður hluti af minnismóttökunni og tekur við þeim rannsóknarverkefnum sem þar hafa farið fram. Verið er að undirbúa frekari fjölgun rannsókna. Með þessu móti verða vísindarannsóknir betur aðskildar frá heilbrigðisþjónustu. Utanumhald slíkra rannsókna er háð ströngum skilyrðum sem ekki eiga við í venjulegri göngudeildarþjónustu. Um verður að ræða þrenns konar rannsóknir.

Í fyrsta lagi eru það rannsóknir sem hafa verið skipulagðar alfarið á minnismóttökunni en eru oft í samvinnu við aðra. Dæmi um þetta er framvirk rannsókn á vægri vitrænni skerðingu sem hófst árið 2014 og er annar áfangi í gangi núna.

Í öðru lagi eru rannsóknir í samvinnu við erlenda rannsakendur. Dæmi um þetta er norræn rannsókn á heilariti til greiningar á orsökum heilabilunar en úrvinnslu úr henni lýkur nú í haust. Einnig er í gangi framvirk rannsókn á Lewy sjúkdómi í samvinnu við Evrópska samstarfsaðila.

Í þriðja lagi eru það rannsóknir í samvinnu við erlend lyfjafyrirtæki en sá þáttur fer mjög vaxandi og er megin ástæða þess að verið er að útbúa sérstakt rannsóknarsetur á Landakoti.

Húsakynnin eru nokkur herbergi austast á neðstu hæð spítalans með inngangi frá Ægisgötu þannig að þátttakendur fara beint inn á setrið en þurfa ekki að fara inn á spítalann að öðru leyti.

Í kjölfar þátttöku lækna frá minnismóttökunni í stórrí lyfjarannsókn 2017-2019 hefur áhugi erlendra fyrirtækja aukist á samvinnu við minnismóttökuna. Hér á landi hafa reynst vera ákjósanleg skilyrði fyrir slíkar rannsóknir, áhugasamir rannsakendur, ágætar aðstæður, góð eftirlitskerfi, en síðast en ekki síst góðar undirtektir til þátttöku bæði sjúklinga og heilbrigðra. Vorið 2020 hófst rannsókn sem snerist um aðferðafræði og lauk henni vorið 2021 með nokkurri seinkun

vegna faraldursins. Núna (í nóvember 2021) eru þrjár rannsóknir í undirbúningi, tvær þeirra lyfjarannsóknir og ein aðferðarannsókn. Einnig hefur verið falast eftir þátttöku minnismóttökunnar í fleiri lyfjarannsóknum sem gætu hafist haustið 2022 en undirbúningur tekur alltaf langan tíma.

Á nýja rannsóknarsetrinu mun starfa teymi lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og annarra eftir því sem þörf krefur. Það hefur verið stuðningur frá Vísindadeild Landspítalans varðandi samninga og alla ytri umgerð og það hefur verið ríkur skilningur innan öldrunarlækningadeildarinnar sem minnismóttakan heyrir undir.

Flestir sem haft verður samband við munu hafa farið í gegnum greiningarferli á minnismóttökunni og eru með væg eða tiltölulega væg einkenni en einnig er lögð áhersla á þátttöku nánustu aðstandenda. Í einhverjum tilvikum verður falast eftir þátttöku þeirra sem engin einkenni hafa. Þátttaka í slíkum rannsóknum er ekki sjálfgefin og mikilvægt er að upplýsingar séu góðar og að hver og einn fái gott ráðrúm til að taka afstöðu til þátttöku. Neitun á þátttöku hefur engin áhrif á þá þjónustu sem venjulega er í boði og mikilvægt er að enginn upplifi þrýsting til þátttöku.

Það eru spennandi tímar framundan og vonandi getum við í sameiningu stuðlað að nýjum meðferðarmöguleikum á þessum erfiðu sjúkdómum.